

Rubbol BL Rezisto High Gloss

Rispu- og fitupolið akrýllakk 80%



Efnislýsing

Rubbol BL Rezisto High Gloss er háglans og níðsterkt vatnsþynnalegt akrýllakk, ætlað til notkunar innanhúss. Lakkinn er sérlega hannað til að standast álag sem í hefðbundnum lökkum veldur rispum og mýkingu vegna fitu, t.d. húðfitu (sem smám saman gerir flötinn erfiðan að þrífa). Þessir eiginleikar eru fengnir með sk. krosstengtækni (cross-linking technology) í uppbyggingu bindiefnisins. Rubbol BL Rezisto High Gloss hentar því afar vel í skólum, veitingastöðum, eldhúsum og öðrum svæðum þar sem mikið álag getur verið á yfirborðsflötum. Lakkinn er frábært á handrið.

Rubbol BL Rezisto High Gloss lakkinn er auðvelt í notkun, flýtur vel og þornar hratt. Það hylur afar vel. Lakkinn er ætlað sem ysta málningarglag á við, málma, PVC og annað harðplast, steypu og gifs og er borið ofan á undirlag af viðeigandi grunni (sjá neðar).

Meðhöndlun

Nýmálun

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
2. Grunnið ætíð með 1-2 umferðum af Rubbol BL Rezisto Primer.
3. Ef um málma eða plast er að ræða skal fyrst nota Trimetal Multiprimer,
4. Þússið létt yfir með fínnum sandpappír.
5. Málið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto High Gloss. Þússið létt yfir milli umferða með fínnum sandpappír eða filtrottu til að seinni umferðin af lakkinu fljóti vel út.

Endurmálun

1. Hreinsið flötinn með Nordsjö Málartvätt og vatni, slípið og tryggið að flöturinn sé fitu- og ryklaus.
2. Grunnið skemmda fleti með 1-2 umferðum af Rubbol BL Rezisto Primer eða Trimetal Multiprimer (á málma).
3. Þússið létt yfir með fínnum sandpappír.
4. Málið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto High Gloss. Þússið létt yfir milli umferða með fínnum sandpappír eða filtrottu til að seinni umferðin af lakkinu fljóti vel út.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 80 GU/60° (ISO 2813)

Þéttleiki: 1,27 kg/dm³

Hiti við málun: 5-30°C

Rakastig: Mest 85%

Þurrtími: Hvítt: Um 49% af vigt og 37% af rúmmáli

Ráðlögð þykkt á umferð: Þurrt: 7 míkron
Blautt: 100 míkron

Þornun við 20°C og 65% raka: Opinn tími 4-5 mín. Rykfrítt: Um 1 klst. Snertípurtt: Um 2 klst. Yfirmálun: Um 6 klst.

Þynning: Þynnið ekki

Verkfæri: Penslar (helst þykkir Friess lakkpenslar), rúllur (helst Friess gráar lakkrúllur)

Þekja: Um 10-12 m²/l. Þekja veltur mikið á undirlagi og aðferð og aðstæðum við málun.

Litur: Hvítur og allir litir

Umbúðir: 0,5, 1 og 2,5 lítra dósir

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Minnst 24 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum umbúðum. Geymist í þurr, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) mest 130 g/l (2010). Rubbol BL Rezisto High Gloss inniheldur mest 50 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**